



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

ALMENNAR REGLUR UM VÁTRYGGINGARSVIÐIÐ

1. Skaðatrygging.

1.1 Um vátryggingu þessa gildir sú grundvallarregla, að hún er skaðatrygging og er félaginu óskytt að greiða hærri bætur en þarf til þess að bæta tjón það, sem orðið hefur.

2. Munir, sem vátryggingin nær til.

2.1 Vátryggingin tekur til skips þess, sem greint er í skírteininu, fylgifyrjar þess, vista og birgða, sem eðlilegar mega teljast. Til skips og fylgifyrjar teljast m.a. (meðal annars) vélar skipsins, gangskrúfa og aðrar skrúfur, ásamt öxlum og girum, vindur, rafkerfi, fiskleitartæki, dýptarmælir, ratsjá, leiðsögutæki, fjarskiptatæki, ásamt nauðsynlegum búnaði og varahlutum, enda séu þessir munir um borð í skipinu.

2.2 Undir vátrygginguna falla ekki fiskkassar, afli og veiðarfæri, þ. á m. (þar á meðal) varpa ásamt hlerum og vírum, nætur, namar og sendar festir við veiðarfæri, net, línur, færi, belgir, baujur og bólfæri.

3. Vátryggingarverð.

3.1 Í byrjun hvers vátryggingartímabils skulu vátryggingartaki og félagið koma sér saman um vátryggingarverðið. Það samkomulag er bindandi fyrir félagið, nema leitt sé í ljós að vátryggingartaki hafi gefið villandi upplýsingar um atriði, sem skipta máli við verðákvörðun þannig að því verði vikið til hliðar samkvæmt ákvæðum 36. gr. (grein) laga nr. (númer) 30/2004 um vátryggingarsamninga.

3.2 Til viðbótar húftryggingunni er vátryggingartaka heimilt að kaupa sérstaka hagsmunatryggingu fyrir skipið til að mæta beinu og óbeinu fjárhagslegu tjóni, sem hann kann að bíða við það, að skipið ferst. Vátryggingarverð hagsmunatryggingarinnar má þó ekki vera hærra en 1/5 hluti af vátryggingarverði húftryggingarinnar.

4. Gildistími og uppsögn.

4.1 Vátryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í vátryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist vátryggingin um eitt ár í senn nema vátryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjaldþaga hins nýja tímabils skv. (samkvæmt) gr. 26.2. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé vátryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.

4.2 Þegar vátrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. (málgrein) getur vátryggingartaki ekki sagt vátryggingarsamningnum upp á vátryggingartímanum til að flytja vátrygginguna til annars félagsins.

4.3 Nú hefur vátryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og vátryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar vátryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja vátryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af vátryggingartímabilinu.

4.4 Ef vátryggingu myndi lokið, meðan skip er á ferð sinni, hvort heldur það er samkvæmt vátryggingarsamningnum eða fyrir uppsögn vegna annarra atvika en vanskila á greiðslu iðgjalds, fellur samningurinn þó fyrst úr gildi við lok komudags skipsins til fyrsta ákvörðunarstaðar þess.

4.5 Ef vátryggingin framlengist af þessum sökum getur félagið krafist iðgjalds fyrir framlenginguna, 1/365 hluta af síðasta ársiðgjaldi fyrir hvern dag, sem vátryggingin er framlengd.

5. Siglingasvæði – landfræðileg takmörkun.

5.1 Á tímabilinu frá 16. nóvember til 15. maí takmarkast ábyrgð félagsins við siglingu skipsins norðan við 40°



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

norðlægrar breiddar og sunnan við 70° norðlægrar breiddar. Þó bætist tjón ef skipið fer út fyrir hin landfræðilegu mörk vegna bótaskylds vátryggingaratburðar eða slíkt hafi verið nauðsynlegt til að koma í veg fyrir tjón á mönnum eða munum. Skipinu skal ætíð siglt að nýju inn fyrir mörkin um leið og atvik eru ekki lengur fyrir hendi sem gerðu för þess út fyrir þau nauðsynlega.

6. Það sem félagið bætir.

Félagið bætir tjón (skemmdir á skipinu o.fl. (og fleira)) og kostnað eins og hér segir:

- 6.1 Algert tjón, sbr. (samanber) 20. gr.
- 6.2 Skemmdir á skipinu sökum skyndilegrar og óvæntrar óhappatilviljunar nema sérstök undantekning sé gerð í vátryggingarsamningnum.
- 6.3 Skemmdir sem stafa af því að galli er í efni skipsins, smíðisgalli eða viðgerðargalli á því eða hlutum þess, enda verði skaðabætur ekki fengnar úr hendi þeirra sem ábyrgð kunna að bera á slíkum göllum, sjá þó b. lið gr. 9.1.
- 6.4 Skemmdir sem raktar verða til yfirsjónar eða vanrækslu skipverja eða þriðja manns.
- 6.5 Kostnað við björgun samkvæmt ákvæðum siglingalaga svo og kostnaður við ráðstafanir til að varna tjóni samkvæmt reglum laga nr. 30/2004.
- 6.6 Þátttöku í sameiginlegu sjótjóni eins og slík þátttaka er ákveðin í York/Antwerpen reglunum frá 1994.
- 6.7 Kostnað sem óhjákvæmilega fylgir tjónsviðgerð, þ.e. mannahaldskostnað, slippkostnað, eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld, varðstöðu, þóknun til skoðunarmanns flokkunarfélags, svo og þóknun til skoðunarmanns eiganda, ef um meiriháttar tjón er að ræða, eins og nánar er ákveðið í niðurfjöfnunareglum sem fylgja skilmálum þessum og teljast hluti þeirra.
- 6.8 Kostnað við förgun muna vegna bótaskyldrar viðgerðar.

7. Skaðabótakröfur sem félagið bætir.

- 7.1 Vátryggingin bætir skaðabótakröfur sem falla á vátryggingartaka vegna tjóns sem skipið veldur með árekstri og tjóns sem verður á annan hátt vegna mistaka við stjórnun þess, enda sé tjónið bein afleiðing skemmda á munum eða líkamsmeiðsla og vátryggingartaki ábyrgur að lögum.
- 7.2 Vátryggingin bætir skaðabótakröfur frá þriðja aðila vegna kostnaðar við að fjarlægja flak skipsins, svo og kostnað vátryggingartaka til að komast hjá slíkum bótakröfum.
- 7.3 Hámark samanlagðra bóta samkvæmt 1. og 2. mgr. (málgrein) vegna eins tjónsatburðar er það hámark sem kveðið er á um í 1. - 3. mgr. 177. gr. siglingalaga nr. 34/1985. Einnig greiðast vextir og málskostnaður jafnvel þótt greiðslur verði af þeim sökum hærrí en bótahámarkið. Sé tjónið hærra en nemur bótahámarkinu greiðast vextir og kostnaður einungis af hámarksfjárhæðinni.
- 7.4 Nema sérstaklega sé um það samið tekur vátryggingin ekki til skaðabótaábyrgðar útgerðarmanna (skipaeigenda) samkvæmt 171. gr. a. siglingalaga nr. 34/1985 sbr. 1. gr. laga nr. 46/2012 um breytingu á þeim, að öðru leyti en því sem ákvæði 1.-3. mgr. taka til slíkrar ábyrgðar.

8. Skip sama eiganda.

- 8.1 Nú rekst vátryggt skip á annað skip, er bjargað eða fær aðstoð annars skips og er félagið þá greiðsluskylt, þótt það skip sé eign vátryggðs eða bæði skipin lúti sömu útgerðarstjórn.
- 8.2 Þegar svo stendur á, skulu vátryggður og félagið fela einum gerðarmanni að ákveða um sök, björgunarlaun eða þóknun fyrir aðstoð. Ef aðilar koma sér ekki saman um gerðarmann, skal þess óskað að dómstjórinn í Reykjavík tilnefni hann. Gerðinni verður ekki skotið til dómstóla.

9. Undanskildar áhættur.

- 9.1 Félagið bætir ekki:
 - a. skaðabótakröfu frá starfsmönnum eiganda eða útgerðarmanni, né heldur skaðabótakröfu frá eigendum afla eða annars sem skipið flytur,
 - b. skemmdir á þeim hlutum skipsins sem efnisgalli, smíðisgalli eða viðgerðargalli er á, sbr. gr. 6.3,
 - c. skemmdir af ófullnægjandi viðhaldi, fúa, þreytu, tæringu, sliti eða sambærilegum orsökum,
 - d. tjón sem rakið verður til hönnunargalla og/eða breytinga sem gera þarf á skipinu vegna hönnunargalla,



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

- e. tjón er stafar af því að skipið var óhaffært, er það lét síðast úr höfn, ófullnægjandi útbúið eða mannað, hafði eigi nauðsynleg skipsskjöl eða var eigi tryggilega hlaðið,
- f. tjón sem verður rakið til stríðs, óeirða, uppots, verkfallsaðgerða eða annarra sambærilegra atburða,
- g. hvers kyns tjón af völdum kjarnorku, jónandi geislunar og geislavirkra efna,
- h. kostnað sem fylgir bótaskyldri tjónsviðgerð að því marki sem útgerðarmaður hefði sjálfur orðið að greiða fyrir eigin reikning vegna útgerðarinnar, viðhalds og/eða viðgerðar, hvort sem hin bótaskylda viðgerð fer fram samtímis eða á öðrum tíma,
- i. aukakostnað vegna nætur- og helgidagavinnu,
- j. kostnað við að hreinsa og mála botn skipsins,
- k. óbeint tjón, svo sem aflatjón, rekstrartap, afnotamissi og annan kostnað af töfum, sbr. þó gr. 6.7,
- l. sektir og refsiviðurlög,
- m. tjón vegna hvers konar líffræðilegra eða efnafræðilegra áhrifa og/eða eitrunar, þ.m.t. (þar með talið) vegna sýkla og veira, af völdum hryðjuverka.

HEGÐUN SEM VELDUR MISSI BÓTARÉTTAR.

10. Rangar upplýsingar og svik.

- 10.1 Hafi váttryggingartaki við gerð eða endurnýjun váttryggingarsamnings sviksamlega eða með öðrum hætti vanrækt skyldu sína til að veita félaginu upplýsingar um atvik sem haft geta þýðingu fyrir mat þess á áhættunni og váttryggingaratburður hefur orðið fellur ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta, sbr. 20. gr. váttryggingarsamningalaga. Rangar og ófullnægjandi upplýsingar veita félaginu ennfremur rétt til að segja váttryggingunni upp, sbr. 21. gr. laganna.
- 10.2 Veiti váttryggður við uppgjör bóta af ásetningi rangar upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur bótaréttur hans niður og félagið getur sagt upp öllum váttryggingarsamningum sínum við váttryggðan eins og nánar greinir í 47. gr. váttryggingarsamningalaga.

11. Tilkynning um tjón og ráðstafanir vegna tjóns.

- 11.1 Þegar tjón er orðið, skal váttryggður tafarlaust skýra félaginu frá því. Sama gildir, ef hann fær eða ætti að fá vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum sem ætla má að váttryggingin nái til.
- 11.2 Er váttryggingaratburðurinn hefur gerst eða bein hættu er á því að hann muni bera að höndum, ber váttryggðum að reyna að afstýra tjóninu eða draga úr því. Einnig ber váttryggðum að gera ráðstafanir til að tryggja endurgreiðslukröfu félagsins, ef hann á rétt til bóta frá þriðja manni.
- 11.3 Váttryggður skal gefa félaginu kost á að skoða og meta tjónið áður en viðgerð hefst eða skemmdum munum er ráðstafað.
- 11.4 Eigi má váttryggður viðurkenna bótaskyldu sína eða gera samninga um bótakröfur við þriðja mann án samþykkis félagsins, nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.
- 11.5 Vanræksla á skyldum váttryggðs samkvæmt 1. til 4. mgr. getur varðað lækkun eða missi bóta eftir lögum um váttryggingarsamninga.

12. Aukin áhætta.

- 12.1 Iðgjald fyrir hið váttryggða skip tekur m.a. mið af gerð og notkun þess eins og greinir í váttryggingarskírteini, svo og notkun þess innan þeirra landfræðilegu marka sem greinir í 5. gr. Allar breytingar að þessu leyti á gerð hins váttryggða skips og notkun, er haft geta í för með sér aukna áhættu á tjóni, skal tilkynna félaginu tafarlaust.
- 12.2 Er félaginu berst tilkynning samkvæmt 1. mgr. áskilur það sér rétt til hækkunar iðgjalds í samræmi við hina breyttu áhættu.
- 12.3 Hljótist tjón vegna áhættuaukningar samkvæmt 1. mgr. af völdum váttryggðs eða með samþykki hans og hann hefur ekki gert ráðstafanir, sem sanngjarnar geta talist, til að fullnægja tilkynningarskyldu samkvæmt 1. mgr., getur félagið lækkað bætur hlutfallslega miðað við það iðgjald sem félagið hefði ella áskilið sér



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

vegna hinnar auknu áhættu.

13. Varúðarreglur.

- 13.1 Skipinu og vélum þess skal einungis stjórnað af mönnum sem hafa til þess fullgild réttindi eins og lög og reglur áskilja.
- 13.2 Þegar skip er í höfn eða í lægi skal ganga tryggilega frá festum þess. Jafnframt ber váttryggðum að hafa reglubundið eftirlit með skipinu.
- 13.3 Váttryggður og menn, sem hann ber ábyrgð á, skulu fara eftir greindum fyrirmælum eða opinberum fyrirmælum sem sett eru til að tryggja öryggi skips á sjó eða í lægi.
- 13.4 Brot gegn framangreindum varúðarreglum og öðrum gildandi varúðarreglum getur leitt til þess að félagið er laust úr ábyrgð í heild eða að hluta í samræmi við ákvæði laga um váttryggingarsamninga.

14. Ásetningur og stórkostlegt gáleysi.

- 14.1 Valdi váttryggður tjóni af ásetningi ber félagið enga ábyrgð á tjóninu. Hafi hann valdið tjóninu af stórkostlegu gáleysi er félagið laust úr ábyrgð í heild eða að hluta. Hið sama gildir um ábyrgð félagsins hafi maki váttryggðs, börn hans eða starfsmenn hans um borð í skipinu valdið tjóninu af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

BÓTAÁKVÖRÐUN, UPPGJÖR TJÓNS, ENDURKRAFA O.FL.

15. Tjónsfrádráttur.

- 15.1 Bætur vegna hvers einstaks váttryggingaratburðar, aðrar en fyrir algert tjón, skulu háðar frádrætti eins og hann er ákveðinn í váttryggingarskírteininu.

16. Réttur félagsins til að fjalla um kröfur þriðja aðila.

- 16.1 Ef skaðabótakrafa kemur fram á hendur váttryggðum á því sviði sem váttryggingin nær til á félagið rétt til að annast uppgjör og málsvörn, ef til hennar kemur. Sama gildir um kröfur um laun fyrir björgun eða aðstoð. Komi váttryggður í veg fyrir að félagið geti fjallað um slík mál og tjón verður hærra af þeim sökum er félaginu ekki skylt að greiða hækkunina.

17. Fjárhæð váttryggingarbóta.

- 17.1 Ef skipið ferst eða verður dæmt óbætandi, sbr. b. lið gr. 20.1, bætir félagið tjónið með því að greiða váttryggingarverðið.
- 17.2 Skemmdir á skipinu bætir félagið með því að greiða nauðsynlegan viðgerðarkostnað sem fallið hefur á váttryggðan ásamt tilheyrandi kostnaði, sbr. þó niðurlögreglur sem fylgja skilmálum þessum.
- 17.3 Bætur fyrir skemmdir eða missi skipsins skulu við hvern einstakan váttryggingaratburð ekki vera hærri en váttryggingarverðið.
- 17.4 Við uppgjör tjóna skal aldrei greiða hærri bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur sbr. fyrningartöflu í niðurlögreglum sem fylgja skilmálum þessum .
- 17.5 Engar bætur koma fyrir óviðgerðar skemmdir á skipinu ef það ferst án þess að viðgerð hafi farið fram.
- 17.6 Nú semur félagið við váttryggðan um bætur án þess að viðgerð fari fram eða skipið hafi verið dæmt óbætandi, sbr. b. lið gr. 20.1, og skulu þá bæturnar aldrei vera hærri en 90% af viðgerðarkostnaði eins og dómkvaddir menn meta hann eftir ákvæðum skilmálanna og niðurlögreglunnanna.
- 17.7 Nú er gert við skipið þó að skilyrði b. liðar gr. 20.1 séu fyrir hendi, þá takmarkast greiðsluskylda félagsins við váttryggingarverðið að viðbættum bótum skv. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 30/2004, ef því er að skipta, en að frádregnu verði leifa skipsins.
- 17.8 Sé skipið selt áður en viðgerð fer fram gilda reglurnar í 6. mgr., ef sannað er að söluverð skipsins lækkaði sem nam eigi lægri fjárhæð en metnum viðgerðarkostnaði hinna óviðgerðu skemmda.

18. Viðgerð.

- 18.1 Váttryggður skal sjálfur annast um viðgerð á skemmdum á skipinu nema félagið fari fram á annað.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

19. Samráð um viðgerð.

- 19.1 Vátryggðum er skylt að hafa fullt samráð við félagið um hvar og hvenær viðgerð fer fram á skemmdum sem vátryggingin skal bæta. Geri hann það ekki er félaginu óskilt að greiða kostnaðarauka sem af því leiðir.
- 19.2 Að jafnaði skal viðgerð fara fram innan árs frá vátryggingaratburðinum og er félaginu ekki skylt að greiða kostnaðarauka, ef dráttur verður lengri. Sama gildir, ef hið efnislega tjón eykst við það að viðgerð dregst lengur en eitt ár.

20. Algert tjón.

- 20.1 Félagið greiðir bætur fyrir algert tjón í eftirfarandi tilvikum:
- skipið ferst eða verður fyrir svo miklum skemmdum að ekki er unnt að bjarga því eða gera við það,
 - skipið verður fyrir svo miklum skemmdum að kostnaður við að bjarga því og gera við það nemur hærrí fjárhæð en vátryggingarverðinu,
 - skipið tynist eða hverfur úr umráðum vátryggðs og ekki hefur til þess spurst að liðnum þremur mánuðum frá því félaginu var tilkynnt um hvarfið,
 - skipið er hernumið eða kyrrsett af erlendu ríki og eigi látið laust innan sex mánaða, enda sé tjónið ekki innan marka venjulegra skilmála fyrir stríðs- og óeirðatryggingu, en ákvæði þetta gildir þó ekki um tjón sem hlýst af því að skipið er gert upptækt í refsímáli eða kyrrsett eða selt að kröfu skuldheimtumanna.
- 20.2 Varðandi atvik er falla undir c. lið 1. mgr. telst vátryggingaratburður hafa orðið er þrjú mánuðir eru liðnir frá því félaginu var tilkynnt um að skipið hafi tynst eða horfið. Varðandi atvik er falla undir d. lið 1. mgr. telst vátryggingaratburður hafa orðið er sex mánuðir eru liðnir frá því skip er hernumið eða kyrrsett.

21. Krafa um bætur fyrir algert tjón.

- 21.1 Vilji vátryggður krefjast bóta fyrir algert tjón á grundvelli b. liðar í gr. 20.1 skal hann tilkynna félaginu það án ástæðulausrar tafar eftir að skipinu er bjargað og vátryggður hefur haft tækifæri til að skoða skemmdirnar.

22. Réttur til leifa vátryggðra hluta.

- 22.1 Þegar félagið hefur greitt bætur fyrir tjón öðlast það rétt vátryggðs til þess sem enn kann að vera til af munum er það hefur bætt, ásamt tiltækum skjölum og sönnunargögnum varðandi hið vátryggða.

23. Endurkröfuréttur.

- 23.1 Bæti félagið tjón sem þriðji maður ber skaðabótaábyrgð á öðlast það rétt vátryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur og endurkröfuréttur er fyrir hendi skv. ákvæðum II. kafla laga nr. 50/1993.

24. Greiðsla bóta og vextir.

- 24.1 Krefjast má greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta. Sé um algert tjón að ræða samkvæmt a. og b. liðum gr. 20.1 verður félagið þó ekki krafíð um bætur fyrr en að liðnum tveimur mánuðum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til að meta vátryggingaratburðinn og ákveða fjárhæð bóta.
- 24.2 Vátryggður á rétt á vöxtum af kröfu sinni skv. 50. gr. vátryggingarsamningalaga. Vextir af bótum skv. c. og d. liðum gr. 20.1 reiknast þó aldrei fyrr en frá því tímamarki að vátryggingaratburður telst hafa orðið, sbr. gr. 20.2.

25. Fyrning.

- 25.1 Kröfur sem falla undir vátryggingu þessa fyrnast samkvæmt ákvæðum laga um vátryggingarsamninga eða eftir atvikum ákvæðum laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

IÐGJALDIÐ.

26. Greiðsla iðgjalds.

- 26.1 Félagið og váttryggingartaki eða umboðsaðili hans skulu fyrir hver áramót semja um iðgjald, er gildi fyrir eitt ár í senn. Náist ekki samkomulag er félaginu heimilt að ákveða iðgjaldið.
- 26.2 Þegar iðgjald hefur verið ákveðið skv. 1. mgr. sendir félagið váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 26.3 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörun þar sem greiðslu er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt.
- 26.4 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 26.5 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 26.6 Falli váttrygging niður skv. 3. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 26.7 Félaginu er heimilt að draga ógreidd gjaldfallin iðgjöld frá váttryggingarbótum.
- 26.8 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

27. Endurgreiðsla iðgjalds.

- 27.1 Falli váttryggingarsamningurinn úr gildi áður en váttryggingartímabilinu lýkur, endurgreiðir félagið iðgjald í hlutfalli við það sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 27.2 Ef skipinu er lagt í öruggri höfn að mati félagsins, skal að váttryggingartímabilinu loknu endurgreiða hluta iðgjaldsins. Ef um er að ræða skip sem er stærra en 250 rúmlestir og stundar eingöngu togveiðar skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 10 daga eða lengur. Fyrir önnur skip skal endurgreiða 0,15% af ársiðgjaldi skipsins fyrir hvern legudag enda hafi skipið legið samfleytt í 20 daga eða lengur.
- 27.3 Nú verður skipið fyrir algeru tjóni á váttryggingartímabilinu og fellur þá niður réttur til endurgreiðslu iðgjalds.

EIGANDASKIPTI OG VÁTRYGGING HAGSMUNA ÞRIÐJA MANNS.

28. Eigandaskipti.

- 28.1 Ef eigandaskipti verða að skipinu eða það er sett undir aðra útgerðarstjórn, fellur váttryggingin úr gildi, með þeirri undantekningu sem getur í gr. 4.3.

29. Réttur veðhafa.

- 29.1 Nú eru hinir váttryggðu hagsmunir veðsettir og telst þá váttryggingin einnig vera veðhafa til hagsbóta, þó þannig að veðhafi öðlist ekki meiri rétt gagnvart félaginu en eigandinn alveg án tillits til þess af hvaða ástæðum réttur eiganda hefur skerst eða fallið niður.
- 29.2 Váttryggingin gildir ekki gagnvart öðrum sem kunna að eiga annars konar skráð eða þinglýst réttindi í skipinu.

30. Uppsögn og aðrar ráðstafanir yfir váttryggingunni.

- 30.1 Sé váttryggingunni breytt, henni sagt upp eða slitið hefur það ekki réttaráhrif gagnvart veðhafa ef félagið hefur ekki tilkynnt það til hans með mánaðar fyrirvara. Ákvæði 28. gr. um að váttryggingin falli úr gildi við eigandaskipti eða breytta útgerðarstjórn gildir þó gagnvart veðhafa án þess að félagið sendi honum tilkynningu um það.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

30.2 Ef félagið segir váttryggingarsamningnum upp er því skylt að skýra veðhafa frá uppsögninni með sama fyrirvara og eiganda. Félagið getur ekki borið fyrir sig gagnvart veðhafa að það sé laust úr ábyrgð vegna ógreidds iðgjalds nema það hafi einnig tilkynnt veðhafanum um vanskilin.

31. Uppgjör tjóns og ákvörðun bóta.

31.1 Eigandinn og félagið taka nauðsynlegar ákvarðanir í sambandi við tjón sem ber að höndum, útreikning bóta og málatilbúnað vegna kröfu á hendur þriðja manni.

31.2 Þegar um algert tjón er að ræða, getur eigandi ekki skert rétt veðhafa með því að afsala sér rétti til bóta að nokkru eða öllu leyti.

32. Greiðsla bóta.

32.1 Við algert tjón gengur krafa veðhafa fyrir rétti eiganda.

32.2 Félagið getur ekki samið um bætur við eiganda né greitt honum bætur þannig að raski rétti veðhafa, nema fullnægjandi trygging hafi verið sett fyrir því að bæturnar verði notaðar til endurbóta hins váttryggða. Félaginu er þó heimilt að leggja bætur inn á bankareikning sem eigandi og veðhafi fara einungis með sameiginlega.

32.3 Um rétt félagsins til skuldajafnaðar fer eftir ákvæðum 2. mgr. 49. gr. laga nr. 30/2004.

ALMENN ÁKVÆÐI.

33. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

33.1 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.

33.2 Þrátt fyrir úrræði 1. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.

33.3 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

34. Lög um váttryggingarsamninga.

34.1 Að öðru leyti en kveðið er á um í skilmálum þessum, váttryggingarskírteini eða öðrum gögnum, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög um váttryggingarsamninga nr. 30/2004.

35. Sönnunarbyrði.

35.1 Um váttryggingu þessa gildir sú almenna regla að sönnunarskyldan hvílir á váttryggðum bæði um það að tjón falli undir váttryggingarsamninginn og einnig um það hve miklu tjónið nemur.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppflettingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónpola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónpóli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Sérstakur skildagi vegna tímaskráninga í búnaði skipsins.

1. Til þess að tryggja að tölvur, rafeindatæki, rafeindabúnaður og hugbúnaður virki eðlilega við tímaskráningar skal váttryggingartaki sjá um:
 - a. að framleiðendur ofangreindra hluta og búnaðar gefi yfirlýsingu um að þessi tæki virki með eðlilegum hætti við tímaskráningar,
 - b. að ofangreindur búnaður og hlutir hafi verið prófaðir af sérfróðum mönnum til þess að ganga úr skugga um að þeir virki eðlilega við tímaskráningar, ef framleiðendur hafa ekki getað eða viljað gefa yfirlýsingu skv. a. lið.
2. Ef það kemur fram í yfirlýsingu eða prófun skv. 1. að hlutirnir kynnu að virka með óeðlilegum hætti við einhverjar tímaskráningar ber váttryggingartaka að gera ráðstafanir til þess að leysa þann vanda sem þetta skapar.
3. Nú sinnir váttryggingartaki ekki þeim varúðarreglum sem í skildaga þessum felast, getur það leitt til þess að ábyrgð félagsins falli niður í heild eða að hluta.
4. Aldrei greiðast bætur vegna tjóns á tölvubúnaði eða hugbúnaði sem stafar af því að þessi búnaður virkar ekki eðlilega við tímaskráningar.
5. Með tímaskráningu er átt við tilgreiningu tíma sem byggist á almanakskerfi þegar tilgreiningin virkar sem upplýsingar, kódi, merki eða með hvers konar öðrum hætti í búnaði, kerfi eða samblandi þess hvoru tveggja.

Sérstakur skildagi til takmörkunar á bótasviði váttryggingarinnar vegna refsí- og þvingunaraðgerða.

Félagið er hvorki skuldbundið til að váttryggja né greiða neinar kröfur eða bætur samkvæmt váttryggingu þessari að því marki sem slík váttrygging, greiðsla slíkrar kröfu eða slíkra bóta gæti leitt til þess að félagið yrði að þola viðurlög, bönn eða takmarkanir af hvaða tagi sem er á grundvelli ályktana Sameinuðu þjóðanna eða viðskipta- eða efnahagsþvingana, laga eða reglna settum af Evrópusambandinu, Stóra-Bretlandi eða Bandaríkjunum Norður Ameríku. Skildagi þessi gildir framfar öllum öðrum ákvæðum váttryggingarinnar sem kunna að fara í bága við hann.

Sérstakur skildagi vegna ábyrgðar á sjóréttarkröfum.

Váttrygging þessi felur í sér sérstaka ábyrgðartryggingu vegna sjóréttarkrafna á hendur váttryggingartaka sem útgerðarmanni eða eiganda hins váttryggða skips samkvæmt 171. gr. a siglingalaga nr. 34/1985, sbr. 1. gr. laga nr. 46/2012 um breytingu á þeim, sbr. og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2009/20/EB frá 23. apríl 2009 um váttryggingar skipaeigenda gegn sjóréttarkröfum. Hámarksbætur samkvæmt skildaga þessum eru EUR 10.000.000, sem eru hámarksbætur í hverju einstöku tjóni og samtals á váttryggingatímabilinu.

Nú hlýst tjón við það að hinu váttryggða skipi er siglt eða það notað í öðrum tilgangi en getið er í váttryggingarskírteini, svo sem ef því er siglt í þeim tilgangi að rífa það eða farga með öðrum hætti eða selja það til niðurrifs eða förgunar með öðrum hætti, þá bætir váttryggingin ekki tjón sem þannig hlýst nema váttryggingartaki hafi tilkynnt félaginu skriflega áður um slíka siglingu eða notkun og samið hafi verið um viðbótariðgjald, þ.á.m. vegna kostnaðar við sérstakt áhættumat, og nauðsynlegar skilmálabreytingar. Jafnframt er það skilyrði fyrir greiðslu bóta að í einu og öllu hafi verið farið eftir öllum fyrirmælum sem hlíta ber í tengslum við viðkomandi siglingu eða notkun.

REGLUR UM NIÐURJÖFNUN Á TJÓNUM.

Slippkostnaður

Félagið bætir allan kostnað við upp- og framsátur ef unnið er við skipið á slipp eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn ef einnig er unnið fyrir reikning útgerðarmanns. Nú eru fullir sex mánuðir liðnir frá því skipið var síðast á slipp og greiðir þá útgerðarmaður allan kostnað við upp- og framsátur.

Félagið bætir allan kostnað við hliðarfærslu á slipp, ef færa þarf skipið eingöngu vegna bótaskyldrar viðgerðar, en hálfan kostnaðinn, ef einnig þarf að færa skipið vegna aðgerða fyrir reikning útgerðarmanns.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Slippleigan skiptist milli félagsins og útgerðarmanns í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Mannahaldskostnaður

Ef skip tefst frá veiðum eða annarri eðlilegri notkun vegna bótaskyldrar viðgerðar, bætir félagið dagkaup (kauptryggingu) yfirmanna skipsins í samræmi við kjarasamninga LÍÚ (Landssamband íslenskra útgerðarmanna) að frádregnum 7 fyrstu dögum er skipið tefst. Kaup greiðist þó aldrei fyrir lengri tíma en nemur lögboðnum uppsagnarfresti að frádregnum 7 dögum.

Til yfirmanna teljast skipstjóri, stýrimenn, vélstjórar og loftskeytamaður.

Mannahaldskostnaður bætist ekki nema skemmdir séu þess eðlis, að viðgerð verði að fara fram innan sex mánaða frá því að vátryggingaratburð bar að höndum. Það er skilyrði fyrir greiðsluskyldu félagsins, að útgerðarmanni sé skylt að greiða nefndan mannahaldskostnað.

Ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns, skiptist dagkaupið milli félagsins og hans í beinu hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni með samþykki félagsins, bætir félagið mannahaldskostnað vegna þeirra skipverja, sem þarf til að sigla skipinu milli landa, og fer upphæð kostnaðarins eftir því, sem ákveðið er hverju sinni í heildarkjarasamningum milli sjómanna og útgerðarmanna. Nú er samtímis unnið við skipið fyrir reikning útgerðarmanns og skiptist þá mannahaldskostnaðurinn í hlutfalli við þann dagafjölda, sem aðgerðirnar, er hvor ber kostnað af, myndu hafa tekið, ef framkvæmdar hefðu verið einar sér.

Félagið bætir á sama hátt kostnað við að senda skipverjana heim og út aftur til að sækja skipið, ef sú ráðstöfun kostar minna en dvöl þeirra erlendis.

Eyðsla í vélum skipsins, hafnargjöld og varðstaða

Félagið bætir eyðslu í vélum skipsins, hafnargjöld og nauðsynlega varðstöðu, meðan skipið tefst í höfn vegna bótaskyldrar viðgerðar, en ef samtímis er unnið fyrir reikning útgerðarmanns, vegna breytinga á skipinu, nauðsynlegrar viðgerðar eða nauðsynlegs viðhalds, skiptist þessi kostnaður á sama hátt og slippleiga.

Ef skipið er sent til útlanda gagngert til viðgerðar á bótaskyldu tjóni, með samþykki félagsins, bætir félagið eyðslu í vélum skipsins á siglingunni á sama hátt og mannahaldskostnað.

Léttbátur

Léttbátur skipsins er vátryggður með skipinu og bætir félagið tjón, sem á bátnum kunna að verða, meðan hann stendur á sínum stað um borð í skipinu eða er í notkun sem björgunarbátur.

Bráðabirgðaviðgerð

Fari fram bráðabirgðaviðgerð á bótaskyldu tjóni bætir félagið kostnað vegna þeirrar viðgerðar að því marki sem hún kemur að notum við fullnaðarviðgerð.



705 Skipatrygging A

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

Fyrningarreglur

Við uppgjör tjóna á skipinu skal aldrei greiða hærri bætur en nemur frumverði hlutarins að frádreginni fyrningu miðað við aldur hlutarins samkvæmt neðangreindri töflu:

	Fyrningar 1		Fyrningar 2		Fyrningar 3	
	Ár	%	Ár	%	Ár	%
Heiti						
Bolur	5	2	5	4	12	5
Stálbúnaður	5	2	5	4	12	5
Vélaniðursetning	13	6				
Niðurseting þilfarsvéla	13	6				
Innréttningar	5	2	5	4	12	5
Raflangir	21	4				
Röralagnir utan vélarrúms	17	5				
Verkamenn: Sandblástur, málning o.þ.h.	5	2	5	4	12	6
Aðalvél	15	2				
Stjórnúnaður, aðalvélar og skrófu	15	2				
Vakt- og viðvörunarkerfi framdriftsbúnaðar	15	2				
Niðurfærslugír (skrófugír)	15	2				
Skrúfubúnaður: Skrófuás, stefnisrör, skiptivél og skrófa	15	2				
Skrúfuhringur	15	2				
Aflúttaksgír við aðalvél	15	2				
Ásrafall / Ohmformer / Tíðnibreytir	15	2				
Katlar: Afgas- og miðstöðvarketill	15	2				
Tankþælikerfi	15	2				
Orkustjórnkerfi	15	2				
Svartolíukerfi	15	2				
Tæringarvarnarkerfi	15	2				
Hjálparvélar	15	2				
Neyðarbrunnðæla	15	2				
Hliðarskrúfuvél	15	2				
Öll onnur tæki sem skráð eru sjálfstætt	13	6				

Skýringar við töfluna:

Fyrstu tveir dálkar töflunnar (Fyrningar 1) gefa til kynna fjölda ára og þá hundraðshluta sem hver hlutur/búnaður fyrnist á hverju ári fyrr árin eftir að hann var settur nýr í skipið.

Næstu tveir dálkar (Fyrningar 2) gefa til kynna hver fyrningin sé í hundraðshlutum á ári næstu ár eftir að fyrningu skv. "Fyrningu 1" lýkur.

Tveir síðustu dálkarnir (Fyrningar 3) gefa svo til kynna hver fyrningin sé á hverju ári eftir að fyrningu skv. fyrningu 1 og 2 lýkur.

Fyrningarhlutfall fyrir hvert aldursár reiknast alltaf af fyrningarverði hlutar. Þannig nemur fyrning bols eftir 22 ár 90% (5ár*2% + 5ár*4% + 12ár*5%) af frumverðinu.